

## KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR – AÐFLUGSGJALD

---

Gildir frá 1. maí 2016 – með breytingum 1. janúar 2022



## 1. INNGANGUR

Í skjali þessu eru gefnar upplýsingar um aðflugsgjald Keflavíkurflugvallar.

Kostnaður við aðflugspjónustu flugvallarins er að fullu greiddur af notendum þjónustunnar í gegnum aðflugsgjaldið (e. Terminal Navigation Charge (TNC)). Gjaldtakan byggir á Loftferðalögum og aðferðarfræði sem er svipuð reglugerð Evrópusambandsins 391/2013 er varðar sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu. Reglugerðin gildir ekki á Íslandi.

## 2. REIKNIREGLA

Aðflugsgjaldið er innheimt fyrir þau loftför sem lenda á Keflavíkurflugvelli. Gjaldið er margfeldi af einingaverði og þyngdarstuðli (MTOW = hámarksflugtaksþyngd í tonnum). Ef loftfar hefur breytilega hámarksflugtaksþyngd eða fleiri en eina skráða hámarksflugtaksþyngd er notast við hæstu skráða hámarksflugtaksþyngd.

$$\text{Aðflugsgjald} = \text{Einingaverð} * (\text{MTOW}/50)^{0.7}$$

þar sem:

Einingaverð til og með 31. 12. 2021 = 8.030 kr.

Einingaverð frá 1. janúar 2022 = 11.000 kr.

## 3. UNÐANÞÁGUR

Eftirfarandi undanþágur frá aðflugsgjaldi eru veittar:

- > Flug loftfara þar sem leyfileg hámarksflugtaksþyngd (MTOW) er undir tveimur tonnum.
- > Flug sem eingöngu er í þeim tilgangi að flytja ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamenn þeirra, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra ríkisstjórnar í opinberri sendiför og í öllum tilvikum verður undanþágan að vera rökstudd með viðeigandi stöðuvísi eða athugasemd í flugáætlun.
- > Leitar- og björgunarflug sem eru heimilð af þar til bærum aðila.
- > Herflug frá öllum ríkjum.
- > Æfingaflug sem eingöngu er í þeim tilgangi að öðlast skírteini, eða áritun ef um er að ræða flugliða í stjórnklefa, þar sem þetta er rökstutt með viðeigandi athugasemd í flugáætluninni og fer eingöngu fram innan loftrýmis Íslands og má það hvorki vera til farþega- og/eða farmflutninga og ekki heldur til að staðsetja eða ferja loftfarið.
- > Flug sem er eingöngu til eftirlits eða prófana á búnaði sem er notaður eða ætlaður til notkunar sem leiðsögutæki á jörðu niðri fyrir flugleiðsögu, að undanskildu staðsetningarflugi loftfarsins sjálfs.
- > Loftfar sem snýr aftur til brottflugsflugvallar án þess að hafa lent á öðrum flugvöllum.
- > Flug í mannúðarskyni sem samþykkt hefur verið af þar til bærum aðila.
- > Tolla- eða lögregluflug.

## 4. INNHEIMTA

Reikningar vegna aðflugsgjalds eru útgefnir af Isavia ohf. Frekari upplýsingar um reikninga er hægt að fá í netfanginu [innheimta@isavia.is](mailto:innheimta@isavia.is).

## 5. FREKARI UPPLÝSINGAR

Aðflugsgjaldið hefur verið innheimt frá 1. maí 2016 og er endurskoðað reglulega.

Isavia er ekki ábyrgt fyrir innsláttarvillum eða öðrum villum í skjali þessu.

Viðskiptaskilmála Isavia ohf. er að finna á heimasíðu fyrirtækisins; [www.isavia.is](http://www.isavia.is)